

98
5. júlí

REGLUR

um veitingu mótorrafstöðvalána úr raforkusjóði.

1. gr.

Úr raforkusjóði má veita lán samkvæmt 4. tölulið 35. gr. raforkulaga nr. 12 2. apríl 1946, sbr. lög nr. 58 25. maí 1949, og má ákveða heildarupphæð lána þessara á ári hverju með hliðsjón af ákvæðum 4. gr. laga nr. 52 21. apríl 1954, um viðauka við raforkulög. Slík lán verða í reglum þessum nefnd mótorrafstöðvalán. Ekki má veita slík lán til mótorrafstöðva, sem eru minni en 1 kw að stærð.

2. gr.

Umsóknir um mótorrafstöðvalán sendist raforkumálastjóra. Umsókninni fylgi kostnaðaráætlun og upplýsingar um tegund og stærð véla þeirra, sem notaðar eru eða áætlað er að nota í stöðina og um tilhögun hennar. Raforkumálastjóri getur sett skilyrði um gerð, og tilhögun mannvirkjanna. Hann gengur úr skugga um, hvort fullnægt er skilyrðum raforkulaganna og þessara reglna um lánveitingu til rafstöðvarinnar.

3. gr.

Raforkumálastjóri gerir að undangenginni rannsókn og að fenginni umsögn raforkuráðs, tillögur til ráðherra um veitingu mótorrafstöðvaláns úr raforkusjóði.

4. gr.

Að fenginn skriflegri heimild frá ráðherra í hvert sinn eða samkvæmt fyrir-mælum hans veitir raforkumálastjóri mótorrafstöðvalán úr raforkusjóði, sbr. 1. grein, og skal lántaki gefa út undirritað skuldabréf, þar sem fram er tekið til hvaða tíma lánið er veitt og með hvaða kjörum. Skal skuldabréfið, ásamt bréfi ráðherra svo og umsókn, áætlun og öðrum skilríkjum, geymast í skjalasafni sjóðsins og vaxta- og afborganagreiðslur færast inn á skuldabréfið jafnóðum og greiðslur fara fram.

5. gr.

Vextir af mótorrafstöðvalánum skulu vera 3½% og greiðast eftir á árlega. Lánin mega vera afborgunarlaus fyrsta árið, en greiðast síðan upp með jöfnum afborgunum á 8 árum eða fyrr, ef lántaki óskar þess.

6. gr.

Lánið kemur ekki til útborgunar, fyrr en byggingu stöðvarinnar er lokið og hún hefur verið tekin út af raforkumálastjóra eða fulltrúa hans og gengið úr skugga um, að stöðin fullnægi settum skilyrðum.

7. gr.

Lánið má nema allt að ⅓ stofnkostnaðar mótorrafstöðvarinnar, enda sé stofnkostnaður hæfilegur að dómi raforkumálastjóra.

8. gr.

Til tryggingar skilvísunum greiðslum vaxta og afborgana skal lántaki, auk veðs í rafstöðinni, leggja fram tryggingu, sem raforkumálastjóri tekur gilda.

Reglur þessar eru settar samkvæmt raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, sbr. lög 98 nr. 58 25. maí 1949, um breytingu á þeim lögum, og öðlast gildi þegar í stað. Jafn- 5. júlí
framt eru úr gildi numdar reglur nr. 107 12. júní 1950 um veitingu mótorafrastöðva-
lána úr raforkusjóði og auglýsingur nr. 153 10. júlí 1952 um breytingu á þeim reglum.

Atvinnumálaráðuneytið, 5. júlí 1954.

Steingrímur Steinþórsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

99

7. júlí

um breytingu á gjaldskrá fyrir Rafveitu Borgarness, nr. 144 30. júlí 1951.

Stafliðir B og D í I. kafla gjaldskrárinnar orðist svo:

B. Til heimilisnotkunar.

Um kwst. mæli á 38 aura hverja kwst.

Notandi greiði auk þess fastagjald kr. 5.00 á mánuði, fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m², skal reikna sem hálf, eða stærra en 25 m² sem tvö.

D. Til hitunar.

a.	13	aura	hverja	kwst.	með	allt	að	1½	klst.	rofi	á	sólarhring.
b.	12	—	—	—	—	—	—	2½	—	—	—	—
c.	9.5	—	—	—	—	—	—	4½	—	—	—	—
d.	7	—	—	—	—	—	—	14½	—	—	—	—
e.	26	—	—	—	—	—	—	án	rofs.			

Gjaldið breytist hlutfallslega með útsöluverði á kolum í Reykjavík á hverjum tíma, en miðast hér við kolaverð 420 kr. hvert tonn heimkeyrt. Gjaldið standi ávallt á heilum eða hálfum eyri.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

1. Að roforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsnotkunar) að dómi rafveitustjóra.
2. Að vélaafl, spennar og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
3. Að straumur sé rofinn á tilskildum tímum með sjálfvirkum rofa og kosti notandinn tengingu rofans og greiði leigu af honum samkvæmt II. kafla.
4. Að tæki, lagnir og allur búnaður í sambandi við rafmagnshitunina sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og settum reglum m. a. ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.
5. Að notkun um mæli hitalagnarinnar sé eigi minni en 6000 kwst. á ári.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 7. júlí 1954.

Steingrímur Steinþórsson.

Gunnlaugur E. Briem.